



Sigríður Guðbjörg Arnardóttir hefur verið ráðin í starf aðstoðarskólameistara Fjölbautaskóla Snæfellinga og mun hefja starf sem aðstoðarskólameistari 1. ágúst.

Sigríður Guðbjörg er með B.A.-próf í þroskaþjálfrafræðum frá Kennaraháskóla Íslands, viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands og M.Ed.-próf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún er með kennsluréttindi á leik, grunn- og framhaldsskólastigi.

Sigríður hefur starfað sem deildarstjóri starfsbrautar og kennari í félagsgreinum hjá Fjölbautaskóla Snæfellinga frá árinu 2008. Áður starfaði hún sem þroskaþjálfari við Grunnskóla Grundarfjarðarbæjar (2006–2008). Þar áður gegndi hún m.a. starfi deildarstjóra starfsbrautar við Fjölbautaskóla Snæfellinga (2004–2006), starfaði sem þroskaþjálfari við Leikskólann Sólvelli í Grundarfirði (2003–2004) og var forstöðumaður skammtímavistunar að Gufuskálum hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi (2003–2005). Sigríður hefur gegnum störf sín hjá Fjölbautaskóla Snæfelling öðlast góða reynslu og þekkingu á stefnumótun menntastofnana. .